



Nr.: GAT-115	Menntaskólinn í Kópavogi	
Útgáfa: 01		
Dags.: 13.02.2019		
Höfundur: GV		
Sampykkt: MF		
Síða 1 af 2	Áfangalýsing ÍSLE2BA05	

Búið til – útg.	8. júní 2015
Námsgrein	Íslenska
Titill	Ritun og tjáning, undirstöðuatriði
Skammstöfun	ÍSLE2BA05
Viðfangsefni	Almenn málnotkun og læsi
Staða áfanga	Sampykkt af skóla
Prep áfanga	2
Einingafjöldi áfanga	5
Lýsing áfanga	<p>Grunnþættir: Læsi, lýðræði og mannréttindi. Í þessum áfanga er lögð áhersla á læsi, ritun, tjáningu, sköpun og málnotkun, lestur mismunandi texta s.s. blaðgreina, ljóða, skáld- og smásagna og fjölbreytta úrvinnslu. Nemendur skiptast á skoðunum, rökræða og tjá sig jafnt munnlega sem skriflega. Lögð er áhersla á lesefni sem eykur orðaforða og glæðir málvitund og unnið með málsnið og málnotkun. Nemendur þjálfast í ritun texta af ýmsu tagi með áherslu á byggingu og frágang ritaðs máls, að nota fjölbreytt orðalag og æfi sig í notkun hjálpargagna. Nemendur kynnist grunnhugtökum bókmenntafræðinnar, myndmáli og bragfræði, þjálfast í beitingu þeirra við greiningu, túlkun og sköpun texta. Frumkvæði, ábyrgð og sjálfstæð vinnubrögð eru höfð að leiðarljósi.</p>
Forkröfur áfanga	Einkunnin B, B+ eða A úr grunnskóla / ÍSLE1AA05
Þekkingarviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • helstu hugtökum og reglum sem gilda um ritsmíðar • ýmiss konar orða - og handbókum og gagnlegum vefsíðum um mál og málnotkun • orðaforða sem nægir til að skilja íslenskt nútímamál • mismunandi tegundum bókmennta og grunnhugtökum bókmenntafræði • mismunandi tegundum texta og málsniði
Leikniviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • nota viðeigandi hjálpargögn við frágang ritsmíða • kynna verkefni sín munnlega • nota blæbrigðaríkt og viðeigandi mál í ræðu og riti

Nr.: GAT-115	Menntaskólinn í Kópavogi	
Útgáfa: 01		
Dags.: 13.02.2019		
Höfundur: GV		
Sampykkt: MF		
Síða 2 af 2	Áfangalýsing ÍSLE2BA05	

	<ul style="list-style-type: none"> • lesa sér til gagns og gamans bókmenntaverk og nytjatexta og fjalla um efni þeirra • rita rökfærsluritgerðir þar sem hann beitir gagnrýninni hugsun og kemur skoðunum sínum á framfæri
Hæfniviðmið	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • auka og styrkja eigin orðaforða og málhæfni t.d. með því að nýta sér hjálpargögn • taka þátt í málefnalegum umræðum, byggja upp skýra röksemdarfærslu, tjá afstöðu og efasemdir um efnið og komast að niðurstöðu • skrifa ritgerð þar sem hann kemur skoðunum sínum á framfæri á greinargóðan hátt • vinna að skapandi verkefnum í tengslum við námsefnið • lesa texta, greina þá og túlka út frá hugtökum bókmenntafræðinnar
Námsmat	Símat